

Skipulagsnefnd Mosfellsbæjar - 569 (12.8.2022) - Bjarkarholt - uppbyggingarreitur E - breyting á deiliskipulagi

Málsnúmer : 202008039
Málsaðili : Guðjón Magnússon
Niðurstaða (stutt) : Samþykkt
Fundardagur : 12.08.2022

Inngangur : Skipulagsnefnd samþykkti á 562. fundi sínum að auglýsa til umsagnar og athugasemda breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðir í Bjarkarholti innan miðbæjarins. Breytingin felur í sér að auka byggingarmagn og fjölga íbúðum á lóðum sem í dag heita Bjarkarholt 1, 2 og 3. Á skipulaginu verða 150 íbúðir ætlaðar öldruðum, er tengst geta þjónustu og íbúðarkjarna Eirar vestan skipulagssvæðisins, auk 5.400 fermetra miðbæjargarðs með verslunar- og þjónustubyggingu eða skála. Heimilt verður að byggja 18.530 fermetra á lóðunum þar af 400 fermetra skála í garði. Bílakjallari er undir húsum og samtengdur uppbyggingu Bjarkarholts 4-5. Aðkoma kjallara er frá Langatanga og Hlaðhömrum. Samhliða var auglýst tillaga að breyttu aðalskipulagi miðsvæðis 116-M þar sem innfærð var fjölgun íbúða.

Breytingin var kynnt á vef Mosfellsbæjar, Lögbirtingablaðinu og í Mosfellingi. Kynningarfundur var haldinn í Þverholti 2 þann 08.06.2022.

Athugasemdafrestur var frá 12.05.2022 til og með 27.06.2022.

Athugasemdir bárust frá Húsfélagi Bjarkarholts 8-20, Sigmundur Sigmundsson, formaður, dags. 10.06.2022, Erlendi Á. Bender og Rós Bender Bjarkarholti 27, dags. 12.06.2022, íbúum Bjarkarholts 20, Magnús Jónsson, bréfitari, Bjarni Ómar Haraldsson og Alda Guðmundsdóttir, íbúð 103, Einar Sólonsson, íbúð 101, Ingibjörg Þ. Sigurðardóttir og Guðbjörn Baldvinsson, íbúð 102, Ingólfur G. Garðarsson, íbúð 201, Ólöf Þráinsdóttir, íbúð 202, Ingibjörg Ásmundsdóttir og Jóhann O. Pétursson, íbúð 203, Bryndís Guðnadóttir og Þorsteinn Marinósson, íbúð 303, Laufey Torfadóttir og Axel Ketilsson, íbúð 402, dags. 20.06.2022, Klara Sigurðardóttir og Þröstur Lýðsson, Bjarkarholt 20, íbúð 401, dags. 22.06.2022, Guðný Jónsdóttir og Knútur Óskarsson, Bjarkarholti 18, íbúð 501, dags. 22.06.2022, Axel Ketilson, Bjarkarholti 20, íbúð 402, dags. 24.06.2022, Stjórn húsfélags Bjarkarholts 25-29, f.h. stjórnar Ásdís Guðný Pétursdóttir, formaður, dags. 25.06.2022.

Umsagnir bárust frá Heilbrigðiseftirliti HEF, dags. 31.05.2022, Veitum, dag. 03.06.2022, Minjastofnun Íslands, dags. 09.06.2022 og Landsneti, dags. 28.06.2022.

Niðurstaða : Lagt fram og kynnt. Skipulagfulltrúa falin áframhaldandi vinna máls og að rýna innsendar athugasemdir frekar. Samþykkt með fjórum atkvæðum.